

Fimmtudaginn 15. október 1992.

Nr. 61/1992. **Sigurjón Ragnarsson**
 gegn
Péttri Þór Sigurðssyni.

Kærumál. Fjárnámsgerð felld úr gildi. Kröfuaðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1992 að undangenginni útivist í málinu 3. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sóknaraðili krefst þess, að hið kærða fjárnám „verði felld úr gildi eða ómerkt eða synjað verði um hið umbeðna fjárnám“. Hann krefst málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Hann krefst kærumálskostnaðar.

Fjárnámsgerð sú í fógetarétti Garðabæjar, sem um er deilt í máli þessu, hófst á heimili sóknaraðila að honum viðstöddum 25. mars 1991. Hvorki benti hann þá á ákveðna eign til fjárnáms né hafði uppi efnislegar varnir. Að kröfu sóknaraðila (gerðarþola) var gerðinni frestað til framhalds í skrifstofu fógeta kl. 8.30 næsta dag. Á þeim stað og tíma var sóknaraðili ekki mættur, og var gerðinni frestað „til framhalds í fógetarétti Reykjavíkur“, en gerðarbeiðandi hafði bent á eignir gerðarþola í Reykjavík. Er sóknaraðili mætti að þinghaldi loknu kveðst fógetafulltrúinn hafa tjáð honum þessa ákvörðun réttarins. Í fógetarétti Reykjavíkur var gerðinni haldið áfram samdægurs, og lýsti fógeti yfir að kröfu varnaraðila (gerðarbeiðanda) fjárnámi „í eignarhluta gerðarþola (sóknaraðila) í Pósthússtræti 11, 7,17% hluti, og eignarhluta hans í Einholti 2, 1. hæð

eystri enda og eystri enda 2. hæðar“. Sóknaraðili var ekki sjálfur mættur við gerðina.

Gerðir fógætaréttar í Garðabæ og Reykjavík, sem hér um ræðir, höfðu sætt kæru til Hæstaréttar á grundvelli 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, áður en máli þessu var stefnt hingað, sbr. dóma réttarins 3. maí 1991 og 22. nóvember 1991 í málum nr. 171/1991 og 452/1991. Er málavöxtum einnig lýst að nokkru í þeim dómum. Krafa varnaraðila um frávísun málsins er tengd þessari fyrri meðferð, og eru ekki efni til að sinna henni.

Fjárnámsheimildin er áskorunarstefna, sem gerð var aðfararhæf með áritun 2. febrúar 1987 fyrir þremur víxlum, að fjárhæð 500.000 krónur hver. Samþykkjandi víxlanna var sóknaraðili, en útgefandi var Helgi Þór Jónsson. Stefndandi í málinu var Landsbanki Íslands. Sóknaraðili telur, að Landsbankinn hafi verið dómhafi samkvæmt lögum nr. 19/1887 um aðför og varnaraðili hafi aldrei orðið það þrátt fyrir svofellt framsal bankans á áskorunarstefnunni 2. september 1987: „Kröfur samkvæmt þessari árituðu áskorunarstefnu eru hér með framseldar til Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., Tryggvagötu 26, Reykjavík. Skal hann njóta allra þeirra réttinda sem framseljandi á skv. stefnunni, allt án ábyrgðar framseljanda.“

Í bréfi sýslumannsins á Selfossi 1. október sl. segir: „Hinn 2. september 1987 var Helga Þór Jónssyni veitt greiðslustöðvun í þrjá mánuði og hún síðan framlengd með úrskurði skiptaráðandans í Reykjavík til 2. febrúar 1988. Hinn 23. ágúst 1988 fékk Helgi Þór Jónsson síðan heimild frá skiptaráðandanum í Árnessýslu til að leita nauðasamninga. Leyfið afturkallaði hann síðan 8. nóvember 1988. Hinn 30. nóvember 1988 gaf Helgi Þór Jónsson sig og einkafirmu sín, Hótel Örk og Vélaleigu Helga Þórs Jónssonar, upp til gjaldþrotaskipta.“ Var varnaraðili Helga Þór Jónssyni til aðstoðar á greiðslustöðvunartíma samkvæmt 7. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 6/1978. Beiðni um greiðslustöðvun var lögð inn hjá skiptaréttinum 31. ágúst.

Sóknaraðili færir fram þau rök fyrir dómkröfu sinni fyrir Hæstarétti, að aðfarargrundvöllurinn samkvæmt áritunardóminum hafi verið fallinn niður, er fjárnámið var gert, þar sem fjárkrafan hafi

verið gerð upp með kaupum á veðskuldabréfum í eigu samskuldara hans, útgefanda víxlanna. Hafi því framsal kröfunnar til varnaraðila ekki verið gilt eða málamyndagerningur. Varnaraðili andmælir sjónarmiðum sóknaraðila varðandi aðfarargrundvöllinn. Vísar hann þar til framsals kröfunnar og mótmælir öllum staðhæfingum sóknaraðila sem röngum.

Í yfirlýsingu lögfræðideildar Landsbanka Íslands frá 2. október 1992 segir: „Það staðfestist hér með, að undirritaður lögmaður framseldi fyrir hönd Landsbanka Íslands áritaða áskorunarstefnu í málinu: Landsbanki Íslands gegn Sigurjóni Ragnarssyni, nnr. 7967-3005, Austurstræti 20, Reykjavík, sem árituð var 2. 2. 1987, vegna þriggja víxla, hvers að fjárhæð kr. 500.000,- með gjalddögum 01.05. 1986, 17.05. 1986 og 01.06. 1986, til lögmannsins Péturs Þórs Sigurðssonar hdl. vegna Helga Þórs Jónssonar, nnr. 5978-7489, Grænuhlíð 17, Reykjavík. Ofangreindir víxlar voru greiddir með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni, en um leið voru nokkrar aðrar viðskiptaskuldir hans gerðar upp.“

Auk yfirlýsingar þessarar hafa málsaðilar lagt fram yfirlýsingar lögfræðideildarinnar frá 8. og 16. maí 1991 um sama efni. Hins vegar liggja ekki fyrir í málinu kvittanir frá bankanum eða önnur bein gögn um greiðslu við það uppgjör, sem var undanfari hins umdeilda stefnuframsals.

Þegar atvik málsins eru virt, svo sem umsvifamikil lögfræðistörf varnaraðila fyrir Helga Þór Jónsson, greiðslustöðvun hins síðarnefnda, ofangreind yfirlýsing Landsbankans frá 2. október 1992, viðskipti hans sem lögmanns varðandi kröfukaup og að skuldbindingar samkvæmt áskorunarstefnunni voru greiddar „með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni“, þykir á skorta, að varnaraðili hafi fært að því fullnægjandi rök, að hann hafi ekki komið fram sem umboðsmaður Helga Þórs Jónssonar við framsal áskorunarstefnunnar þrátt fyrir orðalag á því.

Fallist er þannig á það með sóknaraðila, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hafi verið niður fallinn, er hin kærða fjárnámsgerð fór fram. Ber því að fella hana úr gildi.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 krónur í kærúmálskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hin kærða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Varnaraðili, Pétur Þór Sigurðsson, greiði sóknaraðila, Sigurjóni Ragnarssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.
